

Mánudaginn 3. febrúar 1947.

Kærumálið nr. 4/1947. Gísli Magnússon

gegn

Helga Guðmundssyni.

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru, dags. 23. desember 1946, sem hingað barst 22. f. m., hefur kærandi samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936 kært málskostnaðarákvæði í dómi sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja frá 21. des. 1946 í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst kærandi þess, að téð ákvæði verði fellt úr gildi og að varnaraðili verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í undirrétti í greindu máli að mati hæstaréttar. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnaraðili hefur ekki sent hæstarétti greinargerð eða kröfur í málinu.

Þegar þess er gætt, að skýrslur um atvik þau, sem dómur undirréttarins um 2. kröfulið er reistur á, eru mjög ófullnægjandi, þykir rétt að staðfesta hið kærða málskostnaðarákvæði.

Kærumálskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms í málinu: Helgi Guðmundsson gegn Gísla Magnússyni á að vera óraskað.

Kærumálskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 31. desember 1946.

Mál þetta hefur höfðað Helgi Guðmundsson stýrimaður, Patreksfirði, fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja með stefnu, útgefinni 9. okt. 1946, birtri 12. s. m., gegn Gísla Magnússyni útgerðarmani, Kirkjuveg 43 hér í bæ, til greiðslu:

- 1) á úppgerðum hlut frá sumrinu 1944, kr. 4000.00,
- 2) kaups í einn mánuð, kr. 3000.00, þar sem stefnandi telur sér hafa verið ólöglega vikið af v/b Garðari VE 320, þannig alls kr. 7000.00,
- 3) auk 6% ársvaxta frá 1. sept. 1944 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu aðallega af öllum kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar eftir mati réttarins, en til vara, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð og sér þá aðeins gert að greiða málskostnað af þeirri upphæð, sem hann kynni að verða dæmdur til að greiða umfram kr. 3882.63.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Eftir því, sem upplýst er í málinu, var stefnandi stýrimaður á v/b Garðari VE 320, er þá var eign stefnda, á sildarvertíð 1944 fyrir Norðurlandi.

Ráðningarsamningur hefur eigi verið lagður fram í málinu. Þegar nokkuð var liðið á sildveiðitímann, vék skipstjórinn á v/b Garðari, Júlíus Sigurðsson, stefnanda máls þessa án fyrirvara úr skiprúminu, með því að hann hefði sýnt af sér vitavert hirðuleysi í starfi sínu sem stýrimaður og hásetar kvartað undan því, að hann væri ófær til stjórnar, hvort sem var um borð í v/b Garðari eða í nótabátunum.

Stefnandi hefur haldið því fram, að ástæðulaust hafi verið að vikja sér úr skiprúminu og eigi hann því rétt á eins mánaðar uppsagnarfresti sem stýrimaður, og heldur því fram, að framkomnir vitnaframburðir í málinu sanni eigi réttmæti uppsagnarinnar.

Skipstjórinn á v/b Garðari hefur gefið vottorð, rskj. 5 og staðfest fyrir rétti, um óhæfni stefnanda sem stýrimanns, og með honum hafa vitnað tveir hásetar af v/b Garðari og tjá sér kunnugt um hirðuleysi og óstjórn stefnanda, er hann var stýrimaður á Garðari framan af sildarvertíðinni 1944, og segja, að þeirra álitu hafi skipstjóri haft fulla ástæðu og enda nauðsynlegt að vikja stefnanda fyrirvaralaust úr skiprúmi. Hafa vitnisburðirnir verið teknir gildir sem eiðfestir væru. Hásetarnir tveir, sem leiddir voru sem vitni, hafa borið hér fyrir réttinum, að þeir hafi verið áhorfendur að því, er stefnandi keyrði á löndunarkrana hjá sildarverksmiðjunum á Siglufirði, rskj. nr. 5. Annað vitnið hefur og borið, að það hafi verið áhorfandi að tilfelli, sbr. vottorð skipstjóra, rskj. 5, er sýni óaðgætni stefnanda, er nær hafi orsakað tjón.

Þá hafa bæði umgetin vitni borið, að eftir að stefnandi máls þessa, fyrrv. stýrimaður á v/b Garðari, hafi stýrt á löndunarkranann, sbr. það, sem áður segir, hafi skipverjar bátsins og þar á meðal mættir farið á fund skipstjóra og tilkynnt honum, að þeir myndu ganga af skipinu, ef stefnandi yrði áfram á því og honum ekki sagt upp starfi.

Hefur stefndi haldið því fram, að full ástæða og nauðsyn hafi

verið að víkja stefnanda úr skiprúminu án fyrirvara, sbr. það, er að framan segir.

Stefndi hefur haldið því fram, að upphæð sú, er stefnandi var búinn að vinna fyrir, sbr. 1. kröfulið, þegar honum var víkið úr skiprúminu, hafi numið kr. 3882.63, en ekki kr. 4000.00, og hefur stefnandi ekki mótmælt þeirri staðhæfingu stefnda, og færist því 1. kröfuliður stefnanda niður í þessa upphæð.

Þá telur rétturinn, að eigi verði tekin til greina krafa stefnanda um 6% vexti af umræddri upphæð frá 1. sept. 1944 til greiðsludags, með því að upplýst má telja, að það hafi eigi verið sök stefnda, að stefnandi fékk eigi peningana, er stefndi sendi í póstávisun til Patreksfjarðar, þar sem stefnandi átti heima, en póstávisuninni eigi veitt móttaka og hún endursend, sbr. vottorð póstmeistara, rskj. 7.

Rétturinn lítur svo á, að það sé upplýst með framburði vitna þeirra, sem leidd hafa verið í málinu, að réttmætt hafi verið að víkja stefnanda án fyrirvara úr skiprúminu, og eigi hann því ekki heimtingu á kaup, nema fyrir þann tíma, sem hann var í skiprúminu. Litur rétturinn svo á, að það geti eigi haft úrsit í máli þessu í gagnstæða átt, eins og sakir stóðu, sbr. vitnaframburðirnir, að eigi voru haldin próf um borð í skipinu í sambandi við brottvikning stefnanda, og þykir því verða að sýkna stefnda af 2. lið stefnukröfunnar, kr. 3000.00, vegna ólögætrar brottvikningar úr skiprúmi. Hins vegar þykir rétt að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 3882.63 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags.

Málskostnaður þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Gísli Magnússon, skal vera sýkn af 2. kröfulið stefnukröfunnar, kr. 3000.00, en hins vegar skal stefndi greiða stefnanda, Helga Guðmundssyni, kr. 3882.63 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags.

Máskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.